

Tilmæli 21/2019

Fyrri skjalsnúmer	A 1742/tillväxt
Afgreiðsla	Norræna þekkingar- og menningarnefndin
Fylgiskjal/-skjöl	Nefndarálit um þingmannatillögu um gagnkvæma viðurkenningu á menntun og starfsréttindum á hliðstæðum starfssviðum (A 1742/tillväxt)

Gagnkvæm viðurkenning á menntun og starfsréttindum á hliðstæðum starfssviðum

Með vísan í 45. og 56. gr. Helsingforssamningsins samþykkti Norðurlandaráð hinn 31. október 2019 eftirfarandi tilmæli að tillögu Norrænu þekkingar- og menningarnefndarinnar.

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að gerður verði samningur um að löndin viðurkenni sjálfkrafa æðri menntun hvert annars, svipað og samkvæmt sömu meginreglum og sambærilegir samningar, sem gerðir hafa verið í Ráðherranefnd Eystrasaltsríkjanna og hjá Sambandi Benelúxlandanna

að Norræna ráðherranefndin kanni viðhorf Ráðherranefndar Eystrasaltsríkjanna og Benelúxsambandsins til þess að gera samning um sjálfkrafa viðurkenningu æðri menntunar milli Norðurlandanna, Benelúxlandanna og Eystrasaltsríkjanna

að Norræna ráðherranefndin, rétt eins og Ráðherranefnd Eystrasaltsríkjanna og Benelúxsambandið, kanni hvernig koma megi á kerfi fyrir sjálfkrafa viðurkenningu, einnig á starfsréttindum í lögvernduðum starfsgreinum

að Norræna ráðherranefndin þróa leiðir í samráði við fagsamtök á Norðurlöndum til þess að koma á viðurkenningarferli sem nær einnig til starfsréttinda í greinum sem háðar eru leyfum fagsamtaka

Kaupmannahöfn, 6. nóvember 2019

Hans Wallmark

forseti Norðurlandaráðs

Britt Bohlin

framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs